

Nd.

690. Nefndarálit

[306. mál]

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á sameiginlegum fundum nefnda beggja deilda.

Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá bankastjórn Seðlabankans, sambandi viðskiptabanka og Sambandi sparisjóða sem gáfu ýmsar upplýsingar er vörðu 5. gr. frv. Á fund nefndanna komu einnig fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og Verslunarráðs. Einnig komu á fundinn hagstofustjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar og efnahagsráðgjafi forsætisráðuneytisins.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1981.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Ingólfur Guðnason,
fundaskr.

Guðmundur J. Guðmundsson.